

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 28. ágúst 2015
UST201508-066/B.S.
08.08.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -kalkþörungunám í Ísafjarðardjúpi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun veitti verkfræðistofunni VSÓ umsögn um tillögu að matsáætlun þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir. Þar sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar vill stofnunin ítreka hér umsögn sína dags. 2. júní sl. Umhverfisstofnun vill enn fremur benda á, að við mat á umhverfisáhrifum umræddrar framkvæmdar eigi að gera grein fyrir hvernig staðið verði að losun frákasts. Bæði efnis sem losað er við efnistöku og frákast sem fellur til við framleiðslu og sem væntanlega verður einnig losað í hafið. Einnig hversu mikið magn gæti hér verið um að ræða.

Ráðgert er að taka árlega allt að 120.000 m³ á tveimur svæðum annars vegar við Æðey og hins vegar við Kaldalón. Samanlagt flatarmál þessara svæða er um 936 ha. Ekki kemur fram í tillögunni hversu lengi efnistakan muni standa, en bent er á að leyfi til hagnýtingar efna á hafsbotni hafa verið gefin úr til allt að 30 ára í senn.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að samkvæmt skýrslum OSPAR hefur efnistaka stórskaðað kalkþörunguna við strendur Frakklands og við Bretlandseyjar. Því er af auknum þunga leitað eftir leyfum til kalkþörunganáms við Ísland. Umhverfisstofnun telur brýnt að stjórnvöld marki stefnu varðandi verndun og nýtingu kalkþörungna. Í skýrslu OSPAR; *Assessment of maerl beds in the OSPAR area* segir m.a. á bls. 2: „*Maerl beds were one of a number of habitats on the OSPAR Initial List in 2004. Under Annex V of OSPAR, free-living red calcareous algae collectively known as maerl are listed as threatened species.*“

Efnistaka hefur á nokkrum stöðum gengið það nærri kalkþörungabreiðum að efnistaka hefur verið bönnuð sbr.: „*Extraction of living fossil deposits has depleted beds in the Fal estuary in England where maerl extraction was banned in 2005.*“ Background Document for Maerl beds. OSPAR 2010.

Umhverfisstofnun vill benda á að ekki er unnt að nota sömu stærðarviðmið við efnistöku í kalkþörungabreiðum vegna þess að áhrifa efnistökkunnar mun gæta víðar en á sjálfu efnistökusvæðinu og þarf því að mati Umhverfisstofnunar að horfa til vistfræðilegra áhrifa kalkþörunganámsins.: „*There is no doubt that many human activities can and do damage maerl beds. Commercial dredging of maerl deposits is particularly destructive since this removes the productive surface layer and dumps sediment on any plant which escape dredging, inhibiting habitat recovery.*“ (Assessment of maerl beds, bls. 23) Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir á hversu stóru svæði kalkþörungar gætu spillst vegna efnistöku á allt að 120.000 m³ af kalkþörungum.


Einnig telur stofnunin að gera eigi ítarlega grein fyrir verndargildi kalkþörungna. Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi, þar sem fram kemur að kalkþörungar veita mikilvæga vistkerfabjónustu og stuðla að lífræðilegum fjölbreytileika: „*The conservation of maerl beds is inceasingly recognised, not only because of their longevity an high biodiversity, but also due to potential benefits for commercial fisheries. Maerl beds can harbour high densities of broodstock bivalves and act as nursery areas for the juvenile stages of commercial species such as cod.*“ Assessment of maerl beds, bls. 4.


Umhverfisstofnun vill benda á að Ísland er aðili að samningi um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR). Samningurinn á að tryggja að ekki verði gengið á líffæðilega fjölbreytni og þess gætt að framkvæmdir valdi ekki mengun sjávar.

Umhverfisstofnun vill ítreka að samkvæmt gögnum frá OSPAR teljast kalkþörungar á því svæði sem samningurinn nær til í hættu og er efnistaka talin helsta ógnin sem að þeim steðjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er í tillögu að matsáætlun ekki gerð nægjanlega góð grein fyrir hversu víðtæk áhrif umrædd efnistaka getur haft í ljósi þess hversu viðkvæmt vistkerfi hér er um að ræða. Því ætti í matsskýrslu að gera grein fyrir þeim atriðum sem talin eru upp hér að framan.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri